

Ungmennaráð Árborgar leggur til að hækkað verði laun ungmennaráðsmeðlima úr hálfum nefndarlaunum í full nefndarlaun

Ungmennaráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur síðustu ár bara fengið greidd half nefndarlaun fyrir annan fundinn. Við óskum eftir því að hækka laun ungmennaráðsmeðlima úr hálfum nefndarlaunum í full ásamt því að fá greitt fyrir báða fundi í mánuði. Við erum alveg jafn mikilvæg og aðrar nefndir sveitarfélagsins og þess vegna ættu launin að vera í samræmi við það. Ungmennaráðið leggur jafn mikinn tíma, vinnu og metnað í starf sitt líkt og meðlimir annara nefnda. Við erum til dæmis að halda fjóra viðburði í menningarmánuðinum.